

Álftir



Álftir eru meðal stærstu fugla á Íslandi, bæði þegar talað er um lengd og þyngd, en hann getur orðið 3.000-12.000 grömm að þyngd og 118 - 132 cm að lengd. Fullorðnir fuglar eru oftast hvítir að lit, en eiga það til að ata sig út í mýrarauða yfir sumartímamann en verða þá ryðrauðir á hálsi og kvið. Nef þeirra er svart með gulri totu. Það er ekki munur á lit á kynjum né á milli árstíða. Ungfuglar eru grábrúnir en nefið holdlitt. Stofnstærð fuglsins hérlendis hefur aukist mjög undanfarið. Árið 1995 voru um 15.702 álftir en árið 2005 voru um 25.000 fuglar.

Álftir eru farfuglar og verða aðeins um 10% stofnsins eftir hér yfir vetrarmánuðina, en flestar fara þær út í október, þá aðallega til Bretlandseyja, Danmerkur og Noregs, og koma svo aftur í apríl. Álftir eru jurtaætur, kunna helst að meta ýmsan vatna- og mýragróður svo sem starir, fergin, mara, og nykrur. Þær safnast fyrir í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu vegna þess að þar er grunnsævi og þar er að finna marhálms, grænþörungna, lónjurtir og fleiri mikilvægar fæðutegundir. Yfir sumarmánuðinn eru geldfuglahópar oft í lónum og grunnum fjörðum og þá oft á Suðaustur- og Austurlandi, einnig þegar eldri fuglar fella fjaðrir síðsumars, oft í ágúst og verða ófleygir. Þær sækja einnig mikið á tún og votlendissvæði þegar þær eru enn í hópum, þar borða þær túngresi, starir og fífur í mýrum.

Álftir verpa við vötn, tjarnir, í fúamýrum, flóum, og fenjum, gera oft hreiður sín óaðgengileg. Hreiðrið er stór bingur, með djúpri skál úr sinu, mosa og öðrum gróðri. Eggin eru oftast 4-6 og varptími er í senni hluta apríl og fram eftir maí.

Heimildir:

Sören Sörensen og Dorete Bloch. **Fuglar á Íslandi og öðrum eyjum í Norður Atlantshafi**. Skjaldborg hf. (Bl. 72).

Ævar Petersen. **Íslenskir Fuglar**. Vaka-Helgafell. (Bl. 60-63).

Líffræði 103 11. apríl 2013	Álftatalning í Lóni	Höfundur skýrslu: Sólveig Sveinbjörnsdóttir Talningahópur
--------------------------------	----------------------------	--

Inngangur:

Tilgangur ferðarinnar var að fylgjast með álftum og lífríki þeirra í Lónsfirði og nágrenni. Safnað var saman upplýsingum sem hægt er að nota til að bera sama frá ári til árs. Á þann hátt er hægt að fá upplýsingar sem gefa mynd af lífi fuglanna. Mikilvægt er að skrá allar upplýsingar sem nákvæmastar og tengja við hvern stað.

Efni og áhöld:

GPS – staðsetningartæki
Hitamælir
Krukkur fyrir sýni
Myndavélar
Seltumælir
Sjónaukar
Svifháfur
Sýrustigsmælir
Fjarsjá (sjónauki á þrífæti)

Framkvæmd

Lagt var af stað frá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu klukkan 08:00. Keyrt var að Lónsfirði við Hvalnes. Þar voru taldar álftir, við talningu á álftunum voru notaðir sjónaukar og fjársjá sem er nákvæmari heldur en t.d. kíkir og stendur á þrífæti. Einnig var notast við augu talningamanna, eftir því hvað hentaði best hverju sinni.

Sýrustig í vatninu var mælt með sýrustigsmæli sem eru blaðastrimlar með litlum röndum sem litast eftir því hvað sýrustigið er og svo er liturinn borinn saman við kvarða sem segir til um sýrustigið.



Hitastig var mælt í loftinu með stafrænum hitamæli sem er bæði hægt að nota í lofthitamælingar og einnig í vatnshitamælingar en hann er með þrjón á endanum sem var stungið í vatnið eða haldið út í loftið til að mæla hitastigið.

Seltustigið í vatninu var mælt á nokkrum stöðum til að sjá mismunandi magn seltu eftir stöðum.

Tekin voru sýni í vatninu með svokölluðum svifháf sem er einstaklega þéttur í sér og getur tekið með sér örsmáar lífverur og plöntur, þá aðallega æti álfтарinnar, háfurinn hefur krana neðan við netið sjálft en þar safnast það sem verður eftir í háfnum og því er svo tappað í krukku. Allar þessar mælingar voru framkvæmdar á nokkrum stöðum, mis mörgum eftir því hvað hafði verið gert áður til að kanna breytingar frá ári til árs. Til að hafa niðurstöður sem nákvæmastar frá ári til árs var notast við GPS – staðsetningartæki til að sjá hvaða punkta var stuðst við í fyrra.



Svifháfur

Niðurstöður:

Veður þegar mælingar fóru fram:

Logn

Skýjahula 3/8

Lofthiti: -1,9°C

Hér koma niðurstöður frá rannsóknarhóp sem sá um að taka sýni úr vatninu, seltustigs, sýrustigs og hitastigs á nokkrum stöðum. Ásamt fugltalningu sem var framkvæmd af talningahópi.

Staður 1

Austan við Hvalnes

Hnit: 64°24'387N

14°33'048V

Vatnshiti: 0,4°C

Seltustig: 0,3 ‰

Sýrustig: 5,5pH

Talning fór þar fram ásamt mælingum, en þar voru taldir 1217 fuglar

Staður 2

Hvalnes, litla lón, 6 m yfir sjávarmáli

Hnit: 64°24'413N

14°32'998V

Vatnshiti: -0,8°C

Seltustig: 0,1 ‰

Sýrustig: 6 pH

Þar var einnig tekið sýni með svifháf, það sýni var rannsakað og mátti sjá ýmsar litlar lífverur ásamt gróðri og gróður leifum sem er aðalfæða álftarinnar. Engar álftir var að sjá á litla lóninu.

Sýnataka við ræsi

Ræsi hjá litla vatninu

Hnit: 64°24'527N

14°33'195V

Vatnshiti: -0,3°C

Seltustig: 0,1 ‰

Sýrustig: 6 pH

Sýni var tekið með svifháf sem hafði að geyma ýmsar gróðurleifar ásamt ormi sem ekki náðist að greina en hann mátti sjá vel í smásjá.

Staður 3:

Útsýnispallur, 2 m yfir sjávarmáli,

Hnit: 64°25'069N

14°35'550V

Vatnshiti: -0,2°C

Seltustig: 0,5 ‰

Sýrustig: 5,5 pH

Við útsýnsistað var hávaðarok sem gerði allar mælingar erfiðar – því er líklegt að mælingar fyrir sérstaklega seltustig séu ekki marktækar.

Talning frá útsýnispalli á álftum, þar voru taldir 180 fuglar.

Staður 4

Hnit: 64°25'366N

14°36'794V

Þetta er sá staður þar sem byrjað var að ganga frá í átt að útsýnispalli – ákveðið var að labba frá stað 4 -3 til þess að geta gengið undan vindi. Á leiðinni mátti sjá nokkur fuglshræ sem var yfirleitt búið að éta upp til agna, lítið skilið eftir nema bein og fiður. Einnig mátti sjá rusl og drasl eins og oft vil verða við fjöruborðið, en t.d. voru þar leyfar af sjóbuxum og gamlar plastflöskur. Þær dauðu álftir sem við sáum voru ekki merktar og því var ekki hægt að skoða þær nánar.

Staður 5 :

Svínhólar

Hnit: 64°25'881N

14°41'301V

Taldir voru fuglar frá veginum fyrir ofan Svínhóla en þar voru 471 fugl á því svæði.

Staður 6 :

Hnit: 64°25'515N

14°42'912V

Stoppað við kletta á austan við Reyðará uppi á hæð þar var tekin yfirlitsmynd.

Vegna þess hve lítið var af fugli á lóninu voru einnig taldir fuglar á túni við Vík í lóni en þar voru taldir 464 álfir.

Samtals þetta árið voru 2569 álfir á talningarsvæði.

Ályktanir og túlkun:

Sá fjöldi álfta sem nú var talinn þykir frekar lítil miðað við oft áður. Hér fyrir neðan koma tölur frá síðastliðnum árum:

Ár	Taldir fuglar
2010	5000
2011	6900
2012	5866
2013	2570

Á tölunni hér að ofan má sjá að það munar frekar miklu um fjölda fugla frá t.d. síðasta ári. Álfir virðast núna eru dreifðari en oft hefur verið samkvæmt upplýsingum frá meðlimum sem áður hafa tekið þátt í talningu á þessu svæði, en óvenjulegt er að sjá svo margar álfir á tünunum. Þá virðist álftin aðeins vera farin að dreifa sér á varpstöðvar því hér og þar á leiðinni á talningastað mátti sjá álfapör. Þá er ekki ólíklegt að nokkuð af fugli eigi en eftir koma því nokkru áður en talningin fór fram hafði norðanátt verið ríkjandi. Einnig vakti það athygli hvað mikið af fugli var í ætisleit en það mátti sjá nokkuð greinilega. Það sást á því að oft sást aðeins í afturendann á fuglunum því þeir höfðu stungið hausnum ofan í grunn lónið eftir æti.

Ekki var hægt að greina skýrt og skilmerkilega ungfugla frá fullorðnum nema þá sem voru hvað næst talningahóp. Ástæðan var sú að sól skein og glampaði á vatnið og því var ekki auðvelt að flokka þá sem voru lengra í burtu.

Skýrslu skilað 16. apríl 2013.